

Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn í fjarfundi þriðjudaginn 16. febrúar 2023 kl. 8:15.

Mætt:

Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Elliði Vignisson og Geir Sveinsson
Einnig sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Freyja Sigurgeirsdóttir frá KPMG

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Samkomulag vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Bryndís Guðmundsdóttir fór yfir samkomulag vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus.

NOS samþykkir samkomulagið og leggur til við bæjar- og sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að á næsta fundi þeirra verði samkomulagið staðfest.

2. Fjárhagslegt uppgjör vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Bryndís Guðmundsdóttir fór yfir uppgjórið sem á sér stað við útgöngu Hveragerðis og Ölfuss. Fyrir liggur að Hveragerðisbær og Uppsveitir og Flói sjá fyrir sér að nota eitthvað af eignunum og var Geir og Ásu Valdísi falið að fara yfir eignalistann og í kjölfarið verður uppgjórið uppfært. Rætt sérstaklega um afskriftir vegna standsetningar á húsnæði SVÁ í Hveragerði og NOS samþykkir að setja ekki þennan kostnað í loka uppgjör.

Jafnframt samþykkir NOS að þeir starfsmenn sem halda áfram hjá einhverju af nýju þjónustusvæðunum (Hveragerðisbæ, Ölfus og Uppsveitir/Flói) taka með sér réttindi sín við breytt ráðningarsamband. KPMG reiknar uppgjör sem fellur að uppsöfnuðu orlof starfsmanna og verður gert ráð fyrir því í endanlegu uppgjóri.

Lokauppgjör vegna starfsmannakostnaðar í janúar og febrúar 2023 fer fram eftir 28. febrúar 2023.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 8:55.